

Yfirlýsing frá Vélfagi

Yfirlýsing vegna fréttu um að íslenskt fyrirtæki sé beitt efnahagsþvingunum vegna skuggaflota rússa.

- Eignarhald Vélfags í dag, er í höndum stofnenda félagsins sem eiga 18% hlut í félaginu og 82% af hlutum Vélfags eru í eigu Titania Trading Limited (TTL) í Hong Kong, sem er í eigu svissnesks fjárfestis.
- Norebo JSC keypti meirihluta í Vélfagi árið 2022, fyrir stríðsátök og viðskiptaþvinganir, en seldi alla sína hluti í Vélfagi árið 2023 til TTL, og tengist í dag ekki með nokkrum hætti eignarhaldi, stjórn eða rekstri Vélfags.
- Vélfag hefur svarað öllum spurningum yfirvalda og viðskiptabanka þess, sem snúa að eignarhaldi Vélfags skýrt og skilmerkilega, og unnið það í góðu samstarfi við alla aðila og telur aðgerðir gegn félaginu mjög íþyngjandi miðað við þau svör sem félagið hefur gefið. Félagið mun áfram sem hingað til vinna að lausn málsins með öllum aðilum, enda telur félagið að það sé dregið inn í málið að ósekju og miklir fjárhagslegir og viðskiptalegir hagsmunir í húfi.
- Vélfag var stofnað á Ólafsfirði árið 1995, af Bjarma Sigurðargarðarssyni og Ólöfu Lárusdóttur og fagnar félagið því 30 ára starfsafmæli í ár. Félagið er með alla sína starfsemi og starfsfólk á Íslandi, og byggir á íslensku hugviti og mannauði, við þróun hátæknilausna fyrir fiskiðnað, í góðu samstarfi við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Félagið er ekki með neina starfsemi í Rússlandi og starfar í dag á Ólafsfirði og í Kópavogi, með höfuðstöðvar og megin starfsemi á Akureyri, og starfa 33 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Kveðja,

Kópavogur 21.7.2025

Trausti Árnason

Framkvæmdastjóri Vélfags

Statement from Vélfag

Regarding recent news that an Icelandic company has been subjected to economic sanctions due to the Russian shadow fleet.

The current ownership of Vélfag is held by the company's founders, who own 18% shares in the company. The remaining 82% of shares are owned by Titania Trading Limited (TTL), based in Hong Kong, which is fully owned by a Swiss investor.

Norebo JSC acquired a majority share in Vélfag in 2022, prior to the conflicts and trade sanctions, but sold all its shares in the company in 2023 to TTL. Norebo has no current connection to the ownership, control, or operations of Vélfag.

Vélfag has responded to all inquiries from supervisory and banking authorities regarding its ownership structure in a clear and transparent manner and has worked in good cooperation with all relevant bodies. The sanctions taken against the company have had a significant impact, despite the company having provided full transparency. The company will continue to fully cooperate with the authorities to resolve the matter and restore its reputation and strongly opposes being included in a case based on assumption or insufficient investigation.

Vélfag was founded in Ólafsfjörður, Iceland in 1995 by Bjarni Sigurðargarðarsson and Ólöf Lárusdóttir, and is celebrating its 30th anniversary this year. The company and its staff remain committed to operating responsibly and with integrity, based on Icelandic innovation and manpower, and developing cutting-edge processing solutions for the global seafood industry. Vélfag has no current operations in Russia and is based in Ólafsfjörður and Kópavogur, with a development team in Akureyri, and a total of 33 employees.

Kind regards,
Kópavogur, July 21, 2025
Trausti Árnason
CEO, Vélfag